

## 51. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 12. sept. 2007 kl.12 -13 í Samorku.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Bjarni Reyr Kristjánsson, Ingibjörg Guðlaugsdóttir, Helga Tuliníus og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Ragna Karlsdóttir

Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Samvinna við UAF og ABC og starf fjáröflunarnefndar

María og Helga fóru á fund Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur formanns ABC barnahjálpar þar sem þau samtök eru að yfirtaka starfsemi UAF. Ætla samtökin að sækja um styrk til Utanríkisráðuneytisins til að greiða 80% kostnaðar við byggingu nýs skóla í Norður-Uganda þar sem neyðin er mest, en byggingin kostar í heild sinni 14 milljónir króna. Til að útvíkka starfsemi Alnæmisbarna í þágu ungra alnæmissmitaðra mæðra í Uganda, sem er markmið Alnæmisbarna að aðstoða, ákváðum við að bjóða ABC-samtökunum upp á samstarf í þessu skólaverkefni og safna styrk fyrir þau 20% sem upp á vantar. Þeim styrk verði varið til byggingar leikskóla við þennan nýja skóla að upphæð kr. 2.8 milljónum króna. Hægt væri að nota ½ milljón af þeim peningum sem við eigum nú þegar inn á bók. Guðrúnu Margréti hjá ABC leist vel á þá hugmynd að Alnæmisbörn styrktu leikskólabygginguna með fjárframlögum. Þessi styrkur yrði sérverkefni að okkar hálfu, við héldum jafnframt áfram að styrkja stelpurnar í CLF.

Staða fjármála

Staða fjármála er góð því við eigum 2.6 milljónir inn á bók. CLF er búin að fá vilyrði fyrir rekstarstyrk frá Þróunarsamvinnustofnuninni í Uganda. Bráðlega verður tekin ákvörðun um viðbyggingu við UAF-skólann í Kitetika.

Nú þarf að finna gott fólk í fjáröflunarnefnd til þess að safna fyrir ofangreindum leikskóla. Ákveðið að Ingibjörg stýri þeirri nefnd og ætla hún að kanna fyrir næsta fund hverjir geti verið með í þeim hóp af félagalista okkar og leggja drög af verkefnaáætlun nefndarinnar.

#### Vefsíða Alnæmisbarna

Erum sammála um það að vefsíða okkar gæti verið meira lifandi t.d. með fréttum og myndum frá CLF, öðrum fréttum, nýjum fundargerðum og þýðingu ýmiss texta heimasíðunnar yfir á ensku. Auk þess mætti laga útlit heimasíðunnar t.d. skerpa á litum hennar. Ætlum að kanna hvort nemi í þróunarfræði við HÍ sé til í að taka að sér að halda utan um slíkt starf.

#### Önnur verkefni

Engin önnur verkefni rædd.

#### Næsti fundur

Næsti fundur verður miðvikudaginn 3. okt. kl.12 hjá Ingibjörgu að Borgartúni 3.